



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

78. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn á kennara-
stofunni mánudaginn 20. júní 1983, og hófst hann kl. 17⁰⁰.

Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari,
Guðlaugur Guðmundsson úr Vogum, Halldór Guðmundsson, Bogi Hall-
grímsson, Ómar Bjarnþórsson, Þorfinnur Sigurgeirsson, fulltrúi
nemenda og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta gerðist:

1. Rætt var um fjármál. Ljóst er að hvorki verður unnt að
reka skólann sem fyrirtæki né halda uppi eðlilegri kennslu
á komandi haustönn nema viðhlítandi ráðstafanir verði gerðar nú
þegar sökum þess að á fjárlögum fyrir árið 1983 eru liðirnir
launakostnaður og annar rekstur vanáætlaðir svo miklu nemur.
Lögð voru fram drög að þrem bréfum til menntamálaráðherra, þau
rædd og samþykkt með smávægilegum breytingum:
 - a) bréf um misræmi milli fjárlaga og greiðsluparfar 1983
sbr. launalið fjárlaga kr. 9005 þús. sem nú er með verð-
lagshækkunum orðinn 11075 þúsundir, en þegar hefur verið
greitt í laun kr. 6274. Nauðsynlegt sýnist því að óska
þess að viðhlítandi ráðstafanir verði gerðar til þess að
ekki komi til vandræða á haustönninni.
 - b) bréf um þörf á viðbótarhúsnæði. Í fyrra voru leigðar
fjórar stofur í Gagnfræðaskólanum í Keflavík. Nemendafjöldi
á haustönn virðist ætla að verða 510-540 í dagskóla.
Þess vegna er áframhaldandi og aukin leiga óhjákvæmileg.
Hins vegar er ekki fært að gera leigusamninga vegna fjár-
skorts. Óskað er úrbóta.
 - c) bréf um undirbúning fjárlagagerðar fyrir árið 1984.
Undanfarin ár virðist fjárlaga- og áætlanadeild mennta-
málaráðuneytis ekki hafa tekið tillit til áætlana skólans
sjálfs og fjárlög því ósamrýmanleg veruleika. Áætlun
skólans hefur því ekki verið send ráðuneytinu nema að hluta.

Bréfinu fylgir yfirlit í tölum sem sýna niðurstöður fyrri ára um þetta - og fleiri fylgiskjöl og fylgja sum þeirra fundargerð þessari.

Óskað er raunhæfra áætlana í næstu fjárlögum og aukafjárveitingar fyrir árið 1983.

Skólameistari og þrír skólanefndarmenn: Gunnar, Bogi og Halldór, munu ganga á fund menntamálaráðherra miðvikudaginn 22. júní n.k., leggja fram áðurnefnd bréf og reifa þau.

2. Rætt var um áætlaða fjárfestingu á árinu. Engin ákvörðun var tekin, en vísað til síðustu fundargerðar.

Tilboðsgögn varðandi innanhússmálningu, gerð af Verkfræðistofu Suðurnesja, voru lögð fram.

3. Þar sem húsnæði vantar á haustönn fyrir rafiðnabraut og hársnyrtibraut var ráðgert að taka á leigu 200² rými - svokallaðan kálf - við hús rafmagnsverktaka á Iðavöllum 3 - verði fjármagn veitt til þess. Sama máli gegnir um kennslurými í Gagnfræðaskólanum í Keflavík. Meisturum og formanni var falið framhald þessara mála. Á góma bar og þátttökukostnaður skólans í rekstri íþróttahússins í Keflavík.

4. Lagt var fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 13. júní s.l. þar sem frá er greint að 16 umsóknir hafi borist um lausar kennarastöður við FS sem auglýstar voru í Lögbirtingablaði nr. 54/1983 frá: frá:

Öldu Steinunni Jensdóttur

Cynthiu A Farrell

Einari Páli Svavarssyni

Guðjóni Ólafssyni

Guðrúnu Einarsdóttur

Helgu Láru Guðmundsdóttur

Hrefnu Haraldsdóttur

Magnúsi Emilssyni

Necmi Ergün

Péttri Valberg Helgasyni

Ragnari Karlssyni

Sigríði Harðardóttur

Sigrúnu Oddsdóttur

Sigrúnu Svavarsdóttur

Sturlaugi Helga Ólafssyni og

Örnólfi Thorssyni.

Umsóknir skiptust þannig eftir námsgreinum að fimm sóttu um íslenskukennslu, sjö um kennslu í erlendum málum, tveir í félagsgreinum og tveir í trúðnagreinum, en enginn í stærðfræði. Staðfest var fyrri afstaða skólanefndar að mæla með skipun Sturlaugs H Ólafssonar í stöðu trúðnakennara. Mælt var með Sigrúnu Oddsdóttur í íslenskukennarastarf. Umsóknum um kennslu í erlendum málum var vísað til skólameistara til nánari athugunar. Ekki hafði verið auglýst staða í félagsgreinum. Tveir umsækjendur: Ragnar Karlsson og Örnólfur Thorsson, afturkölluðu umsóknir sínar skömmu fyrir fundinn. - Samþykkt var að fara þess á leit að menntamálaráðuneytið endursetji Baldur Sigurðsson og Jón A Valdimarsson og auglýsi að nýju eftir kennara í stærðfræði; enn fremur að auglýst verði staða í trúðnagreinum.

5. Í Vísirfréttum hafði verið auglýst starf á skrifstofu skólans, og var umsóknarfrestur til 15. júní. Umsóknir bárust frá fjórum konum: Guðbjörgu Aðalbergisdóttur, Ingibjörgu Gissurardóttur, Margréti Sigurðardóttur og Sigríði Haraldsdóttur. Skólameistara var heimilað að ráða Sigríði Haraldsdóttur.

6. Önnur mál

a) Skólameistari afhenti skólanefndarmönnum "frumvarp" að breyttri skiptingu stjórnunarstarfa í skólanum - og nýskipan deildarstjórnar á þann veg að aðaldeildarstjórar verði fjórir: einn í íslensku og erlendum tungumálum, einn í samfélagsgreinum (sögu, félagsfræði, sálfræði, viðskiptagreinum, listum og íþróttum), einn í stærðfræði og raungreinum (m.a. sérgreinum á heilbrigðis-sviði) og einn í teikni- og fagteiknigreinum. Í "frumvarpinu" eru einnig tillögur um starfssvið skólaráðgjafa, reikningshaldara og skólastjórnar. Skólameistari kvaðst ætla að ræða við HÍK og starfsmenn í menntamálaráðuneyti áður en það kemur til umræðu í skólanefndinni.

b) Skólameistari gaf skýrslu um skólaslit á vorönn 1983 sem fram fóru í Keflavíkarkirkju laugardaginn 21. maí s.l., og hófst athöfnin kl. 10³⁰.

Leifur Ísaksson, sveitarstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi, flutti ávarp af hálfu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Egir Sigurðsson, áfangastjóri, flutti yfirlit um starfsemi skólans á önninni. Kór skólans söng nokkur lög undir stjórn Martials Nardeau.

Brautskráðir voru 34 nemendur: 2 af tveggja ára viðskiptabraut, 11 iðnnemar og 21 stúdent. Nokkur verðlaun voru veitt. Ívar Pétur Guðnason flutti kveðjuorð fyrir hönd hinna brautskráðu, og að lokum ávarpaði skólameistari þá og aðra sem athöfnina sóttu.

c) Formaður gaf skýrslu um heimsókn Akurnesinga þriðjudaginn

24. maís.l. Þaðan komu Ólafur Ásgeirsson, skólameistari Fjölbrautaskólans á Akranesi og skólanefndarmennirnir :

Ragnheiður Ólafsdóttir, formaður, Jón Hálfðánarson, Jóna Ólafsdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson, kennari. Kynntu þau sér kennsluhúsnæði og starfstilhögun hér, svo ýmislegt varðandi hinn sameiginlega rekstur ríkis og sveitarfélaga á skólanum hér.

d) Aðstoðarskólameistari lagði fram skrá um umsóknir nýnema fyrir haustönn 1983 sem þannig sundurliðast eftir stöðum:

Keflavík 95, Njarðvík 27, Miðneshreppur 16, Grindavík 14, Gerðahreppur 12, Vatnsleysustrandarhreppur 4, Hafnir 1 - og 12 frá öðrum stöðum. Samtals 181. - Þetta er ekki fullnaðartala þar sem daglega berast umsóknir. - Svör við umsóknum verða væntanlega póstlögð næstu daga.

e) Skólameistari lagði fram bréf frá Héðni Skarphéðinssyni, dagsett 1. júní þar sem hann sækir um styrk frá skólanum til þess að fara á námskeið í tréiðnakennslu við Skive Tekniske Skole í Danmörku. 11 aðrir Íslendingar munu sækja námskeiðið. Námskeiðið er afstaðið og Héðinn kominn heim aftur. Frestað var afgreiðslu uns haft hefur verið samband við aðra aðila sem þátttakendur áttu á námskeiðinu.

f) Samþykkt var að innritunargjald í dagskólann á haustönn 1983 verði kr. 500.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson
fundarritari

Ath. Þrír nemendur hafa verið brautskráðir eftir hin formlegu skólaslit : einn iðnnemi og tveir menn af flugliðabraut.



Fjölbreytiskólinn Suðurnesja
Keflavík – Njarðvík

REKSTUR :

Niðurstöður ársreikninga:	Áætlun skóla- nefndar:	Útreikn. hlutdeild ríkis móti sveitar- félögum:	<u>Fjárlög:</u>	Beinar greiðslur ríkissj. <u>til sv.fél:</u>	Endurkröfur ríkissj. á sv.félög:
------------------------------	------------------------------	---	-----------------	---	--

1980:

Uppgefin kennaralaun úr ríkissj.	3.529.828			3.500.000	
Önnur laun	445.573				
Annar rekstur	<u>964.876</u>	<u>1.410.449</u>	1.253.000	<u>613.641</u>	<u>358.500</u>
	<u>4.940.277</u>			<u>3.858.500</u>	575.000
					212.887

1981:

Uppgefin kennaralaun úr ríkissj.	5.186.045			4.523.560	
Önnur laun	720.961				
Annar rekstur	<u>1.616.448</u>	<u>2.337.409</u>	2.337.409	<u>1.046.215</u>	<u>477.000</u>
	<u>7.523.454</u>			<u>5.000.560</u>	740.000
					321.924

1982:

Uppgefi kennaralaun úr ríkissj.	8.180.471			6.059.600	
Önnur laun	1.047.893				
Annar rekstur	<u>2.714.899</u>	<u>3.762.792</u>	3.826.792	<u>1.530.982</u>	<u>617.500</u>
	<u>11.943.263</u>			<u>6.677.100</u>	640.000
					479.663



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

MINNISATRIÐI

I.

Fastir starfsmenn skóla sem ríkisvaldið rekur að öllu leyti fá laun greidd úr ríkissjóði, - en mismunandi reglur gilda um launagreiðslur til starfsmanna í skólum sem ríki og sveitarfélög reka sameiginlega.

Sé skóli rekinn af ríki og einu sveitarfélagi gilda flóknar reglur um hvernig launagreiðslum skal skipta milli rekstraraðila. Sveitarsjóður greiðir skrifstofufólki, húsverði, ræstingakonum og matráðskonu, en ríkissjóður greiðir skólastjórnendum og kennurum. Uppgjör á að framkvæma árlega, en það fer í reynd þannig fram að starfsmenn ráðuneyta ákveða einhliða hvernig túlka beri öll álitamál, "úrskurða" hver vera skuli hlutur ríkissjóðs - og tilkynna samstarfsaðila niðurstöðuna í bréfi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er rekinn af ríkissjóði og sjö sveitarfélögum, og greiða allir rekstraraðilar framlög sín í skólasjóð. Skólinn er því í reynd sérstakt fyrirtæki. Greiði rekstraraðilar skólans ekki framlög sín reglulega verður að leita til lánastofnana til þess að geta greitt laun á réttum tíma og reikninga vegna rekstrar og stofnfjárframkvæmda, - og því miður verður stundum til þess ráðs að grípa. Því fylgir fjármagnskostnaður, og hann verða sveitarfélögin að greiða að fullu vegna þess að starfsmenn ráðuneyta "úrskurða" ævinlega að ríkissjóður taki ekki þátt í slíkum kostnaði.

II.

Margir ætla að ríkissjóður greiði kennaralaun að öllu leyti, en svo er ekki. Starfsmenn ráðuneyta líta svo á að ríkissjóði sé einungis skylt að greiða kennurum laun fyrir beina kennslu, en ekki önnur störf svo sem deildarstjórn, stofuumsjón, félagsmálastörf, stundaskrárgerð o.fl. - Störf af þessu tagi eru að vísu greidd launþegum úr ríkissjóði, en endurkrafín við "ársuppgjör" milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Sem áður segir fer það fram á þann veg að skólinn sendir ársreikninga skömmu eftir

hver áramót. Ríkisbókhaldið yfirfer reikningana. Starfsmenn fjármála- og áætlanadeildar menntamálaráðuneytis senda síðan "úrskurð" þar sem tilkynnt er hvað ríkissjóði þóknast að greiða. Hlutdeild ríkissjóðs í raunverulegum rekstrarkostnaði verður því ævinlega lægri en 50%. Greiðslur berast seint og án verðbóta.

III.

Við fjárlagaundirbúning er til þess ætlast að skólar sendi nákvæmlega sundurliðaða tillögu um upphæð til greiðslu á launum til starfsmanna. Send eru þar til gerð eyðublöð ásamt fyrirmælum um hvernig reikna skuli.

Menn sem þekkja skólakerfið vita að óraunhæft - og beinlínis ranglátt - er að beita sömu reglu við launaáætlun til allra skóla, enda er það ekki gert í reynd sbr. t.d. tónlistarskólana.

Því var gerður "samningur um skólahald á framhaldsskólastigi í Keflavík" og undirritaður af Vilhjálmi Hjálmarssyni, þáverandi menntamálaráðherra, og fulltrúum sveitarfélaganna sjö á Suðurnesjum 27. apríl 1976. Þar eru ákvæði um hópastærðir í Fjölbautaskóla Suðurnesja sem ráðuneytisstarfsmenn hafa aldrei virt.

Í fjölmönnum skólum þar sem einvörðungu eru kenndar "bóklegar" greinar (þ.e. námsgreinar sem ekki krefjast mikils tækjabúnaðar) er auðvelt að raða þannig að hópastærðir séu "hagkvæmar".

Erfiðara er um vik í fámennum skólum þar sem námsbrautir eru margar og fjöldi verklegra greina.

Eigi tillögur um launafjárhæðir til einstakra skóla að vera samdar af skynsamlegu viti þurfa tillögumenn annaðhvort að þekkja sjálfir gerð hvers skóla (hafa m.a. vitneskju um námsbrautafjölda og samsetningu þeirra og kunna skil á húsa- og tækjakosti skólans) eða taka raunhæft tillit til áætlanagerðar heimamanna. - Ekki dugir að gera tillögur sem eingöngu eru reistar á upplýsingum um nemendafjölda í skólunum.


En einmitt það gera starfsmenn fjármála- og áætlanadeildar menntamálaráðuneytisins er þeim berast tillögur skóla. Þeir hefja talnaútreikning á grundvelli viðmiðunarreglna sem deildarstjórinn þar hefur gert í samráði við forstöðumenn tveggja stórra bóknáms-skóla á þéttbýlissvæðum.

Þær viðmiðunarreglur eru í bóklegum greinum framkvæmanlegar í fjölmönnum skólum, en þær eru óraunhæfar - og að hluta til óframkvæmanlegar varðandi iðn- og verknámskennslu.

Í heild eru reglurnar þannig að viðunandi skólahald má með hærkjum hafa í meðalstórum fjölbrautaskólum, en sé þeim fylgt út í æsar er torvelt að hafa námsframboð í fámönnum skólum í dreifbýli sambærilegt við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu.

Í reynd virka viðmiðunarreglurnar því sem andóf gegn þeirri stefnu að í hverju kjördæmi starfi einn þróttmikill framhaldsskóli.

Keflavík í júnímánuði 1983


Jón Böðvarsson
skólameistari